



Ferðamálastofa  
Icelandic Tourist Board

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)


Akureyri, 22. mars 2021  
Tilvísun: M21030212 / 00.08.00 Almennt

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa. Þingskjal 159-158. mál.**

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 2. mars sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa.

Ferðamálastofa gerir ekki athugasemd við efni þingsályktunartillögunnar en vill þó benda þá að tilvísunin til Mælaborðs ferðaþjónustunnar í greinargerðinni með tillögunni er ekki rétt. Mælaborð ferðaþjónustunnar er á vegum Ferðamálastofu sem hefur haft veg og vanda af því síðastliðin þrjú ár.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu

  
Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs.

Alþingi  
Atvinnuveganefnd

Ísafirði 16. mars 2020.

*Umsögn tillaga til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 158. mál.*

Vestfjarðastofa fer með verkefni Fjórðungssambands Vestfirðinga og þakkar beiðni um umsögn um tilgreint mál.

Vestfjarðastofa hvetur Alþingi að samþykkja þingsályktun um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa. Markmið og umfjöllun í greinargerð tekur vel utan um þau viðfangsefni sem móttaka skemmtiferðaskipa og farþega þeirra felur í sér, að minnsta kosti eins og þróun var mála fram að heimsfaraldri kórónuveiru.

Við það algjöra hrun sem varð á síðasta ári í komu skemmtiferðaskipa til Íslands og í raun um heim allan, ætti einnig að gefa færi á að staldra við og skoða framkvæmd mála því sem næst frá grunni og nýta þann lærdóm sem hefur skapast og hugmyndir um þróun til lengri tíma litið.

Hér vill Vestfjarðastofa benda á mikla reynslu sem sveitarfélög hafa áunnið sér varðandi móttöku skemmtiferðaskipa. Þar hafa sveitarfélög eins og Ísafjarðarbær, Akureyri og Reykjavíkurborg haft hvað mestu hagsmuni af og þar með mikla reynslu til að bera.

Með vísan til greinargerðar varðandi skipan starfshóps þá vill Vestfjarðastofa gera það að tillögu við afgreiðslu málsins, að tilgreindir verði fulltrúar a.m.k. þessara sveitarfélaga og hugsanlega fleiri sveitarfélaga við skipan starfshópsins og eigi þar með beina aðild að mótun stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga kæmi hér til viðbótar.

F.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2021

2103001HA LG/vrh  
Málalykill: 30.21

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 158. mál**

Nú eru rúmlega 100 ár síðan fyrsta skemmtiferðaskipið kom til Íslands. Almennt hefur þessi starfsemi gengið mjög vel, vaxið og verið mikilvægur hluti gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar. Í fyrstu voru það aðallega stærri hafnirnar, Reykjavík og Akureyri, sem fengu heimsóknir þessara skipa en í seinni tíð og þá sérstaklega síðustu 10 ár hafa skemmtiferðaskip fjölgað komum sínum til fleiri hafna. Er svo komið að fjöldi þeirra hafna og sveitarfélaga sem fá heimsóknir þessara skipa og farþega þeirra eru í kringum 20. Komur skemmtiferðaskipa hafa almennt haft mjög jákvæð áhrif á þessi sveitarfélög og þau fyrirtæki og þjónustuaðila sem sinna móttöku þeirra, bæði er varðar tekjur en ekki síður hefur verið markvisst unnið að fegrun hafnarsvæðanna. Mikill metnaður er víða um land að nærumhverfi og hafnir séu snyrtilegar þannig að orðspor Íslands út á við verði sem jákvæðast. Þó nokkur fyrirtæki og einstaklingar víðs vegar um land byggja afkomu sína að miklu leyti á því að þjónusta þessi skip með ýmsum hætti. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að taka fram að í einkunnagjöf margra þessara skipafélaga eru íslenskar hafnir og viðkomustaðir ítrekað að skora mjög hátt og oft í 2-4 sæti á lista um 140 hafna í Evrópu. Samkvæmt skoðanakönnun sem Cruise Iceland lét gera 2018 má ætla að þessi þjónusta skilji eftir sig um og yfir 20 milljarða ISK og nærri eitt þúsund (1.000) heilsárs störf. Mörg þessara starfa hafa orðið til á landsbyggðinni. Í umræðu um að dreifa ferðamönnum um landið má segja að þessi starfsemi hafi dreift ferðamönnum sérlega vel og umfram það sem algengt er annars staðar í greininni.

Í þingsályktunartillögunni segir: „**Peir sem þjónusta skemmtiferðaskip hafa kallað eftir regluverki og stefnumótun varðandi komur þeirra hingað.**“ Cruise Iceland hefur aldrei kallað eftir slíku regluverki og í samtölum við meðlimi samtakanna kannast þeir heldur ekki við að hafa óskað eftir slíku. Því þarf að leita að ástæðum þess að fara í þessa vegferð annars staðar. Gott væri þó að fá vitneskju um hvaðan þessar óskir eru komnar. Hitt er svo annað, að nauðsynlegt er að til séu skýrar reglur er lúta að þessari atvinnugrein ekki síður en öðrum. Eins og gefur að skilja er nauðsynlegt að halda á lofti mikilvægi þess að ekki séu settar óeðlilegar skorður gagnvart einni atvinnugrein umfram aðra, en mikilvægt er að við sköpum allri atvinnustarfsemi eðlilegan ramma á jafnréttisgrundvelli.

Áður en Covid 19 heimsfaraldurinn skall á voru farþegar með skemmtiferðaskipum 3-4 % af heildarfjölda farþega sem komu til landsins. Því er hlutfallslega um að ræða aðeins lítið brot af heildarfjölda ferðamanna sem

koma til Íslands. Stór hluti þessara gesta fer í skipulagðar hópferðir og umhverfisspor eða -áhrif í skoðunarferðum því mögulega minna en margra annarra hópa ferðamanna.

Í greinargerð flutningsmanna segir: „**Mengun frá skemmtiferðaskipum: Setja þarf skýrar reglur um varnir gegn mengun frá skemmtiferðaskipum auk þess sem koma þarf þeim kröfum sem gerðar eru á framfæri við skipstjóra og eigendur þeirra skipa sem heimsækja landið.**“

Atvinnustarfsemi af flestum toga leiðir af sér mengun með ýmsum hætti. Mikilvægt er að hlúa að náttúrunni og þeir gestir sem koma hingað til lands eru einmitt hingað komnir til að njóta þeirrar náttúrufegurðar sem landið býður upp á. Náttúruvernd er því mikilvæg fyrir þessa tegund ferðaþjónustu eins og aðra. Gæta verður hins vegar meðalhófs ef á að gera kröfur umfram aðrar atvinnugreinar á tiltekna tegund ferðaþjónustu eða atvinnustarfsemi.

Skipafélögin hafa lagt gríðarlega fjármuni í að framfylgja þeim reglum og lögum sem um þau gilda, jafnframt því að bæta enn frekar umgengni um náttúruna. Reglurnar eru mjög skýrar; Ísland fer eftir reglugerð nr. 124/2015. Þar segir að leyfilegt innihald brennisteins í eldsneyti skipa innan íslenskrar landhelgi, þ.e. í öllum fjörðum, flóum og á öllu innsævi, megi að hámarki vera 0,1%. Þetta þýðir einfaldlega að ekki er leyfilegt að nota svartolíu í landhelgi Íslands nema með öflugum viðurkenndum mengunarvarnarbúnaði, svokölluðum Scrubbers, sem hreinsar útblástur. Þær fullyrðingar, sem oft er haldið á lofti með óábyrgum hætti í fjölmiðlum og víðar, að skemmtiferðaskip brenni svartolíu við bryggjur á Íslandi og að útblástur fari ósíaður í andrúmsloftið, eiga því ekki við nein rök að styðjast. Eftirlit með ofangreindu er á forræði hafnarríkiseftirlits, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

Stærstu hafnirnir á Íslandi hafa síðustu ár unnið að því að stærri tengingar fyrir minni skemmtiferðaskip og fraktskip verði settar upp. Sú vinna er í fullum gangi.

Frá árinu 2014 hefur losun úrgangs frá skipum verið í góðum farvegi eftir að reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum var samþykkt. Vissulega má alltaf gera betur og þá helst hvernig farið er með þann flokkaða úrgang sem kemur frá skipunum, þegar hann er kominn í land og til endurvinnslustöðva á Íslandi.

**Öryggismál.** Nauðsynlegt er að öryggismál séu ávallt í forgrunni og hafa margar hafnir landsins til að mynda tekið þátt í gerð ítarlegra viðbragðsáætlana með yfirvöldum vegna ýmissa atvika sem upp geta komið. Má þar nefna sóttvarnaáætlun vegna hafna og skipa, viðbragðsáætlun vegna sjóslyss og viðbragðsáætlun vegna mengunar innan hafnarsvæða. Að vinnu við gerð þessara áætlana komu Sóttvarnalæknir, Ríkislögreglustjóri, Hafnasamband Íslands, Landhelgisgæslan, Tollstjórinn, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Cruise Iceland og einstaka meðlimir samtakanna hafa komið upplýsingum ítrekað á framfæri til bæði skipstjóra og útgerða skipanna um brennisteinsinnihald og sorpmál og eru þau mál almennt í mjög góðu lagi. Er

Það ekki bara álit samtakanna heldur líka t.d. Umhverfisstofnunar. Það er mat Cruise Iceland að það yrði mikill afleikur að setja strangari reglur en almennt gilda í löndum í kringum okkur, sem myndi skekkja samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar og íslenskra hafna. Reglur sem ekki væru í takt við það sem gengur og gerist í öðrum löndum gætu kippt fótunum undan mörgum hafnarsjóðum og byggðarlögum og rústað áratuga góðu uppbyggingar- og markaðsstarfi. Jafnframt myndi þetta hafa umtalsvert neikvæð áhrif á lífsviðurværi fjölda fólks og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Eðlilegra væri að styrkja Umhverfisstofnun, hafnarríkiseftirlit og Samgöngustofu í því skyni að auka eftirlitið með því að farið sé eftir þeim lögum og reglum sem gilda.


Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Cruise Iceland



Pétur Ólafsson formaður

f.h. stjórnar Hafnasambands Íslands



Lúðvík Geirsson formaður

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2021  
UST202103-074/S.F.  
04.03

**Efni: Þingsályktunartillaga um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa - 158. mál**

Vísað er til beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 158. mál, sem barst með tölvupósti þann 3. mars sl.

Regluverk um siglingar farþegaskipa við Ísland byggir á alþjóðasamningum og íslenskri löggjöf svo langt sem hún nær. Ísland er m.a. aðili að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á sviði siglingamála. Sem aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) hefur Ísland fullgilt flesta þá samninga sem gerðir hafa verið á vegum stofnunarinnar sem varða öryggi á sjó (SOLAS o.fl.), mengunarvarnir (MARPOL) og ábyrgð eiganda og rekstraraðila.

Ísland tekur einnig þátt í starfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) á sviði siglingaöryggis og mengunarvarna og eru innleiddar hér á landi ýmsar skuldbindingar sem leiða af EES-samningnum sem snerta umhverfismál og flest svið siglingamála. Skemmtiferðaskip eru von að fara eftir alþjóðlegum reglum og því auðvelt að kynna þær alþjóðareglur um mengunarvarnir skipa sem búið er að innleiða í íslensk lög og reglugerðir

Umhverfisstofnun telur hins vegar nauðsynlegt að styrkja lagagrunn um siglingaöryggi og umhverfismál þar sem sérreglur þurfa að gilda við landið. Koma skemmtiferðaskipa hafði aukist mikið áður en Covid-19 stöðvaði því sem næst komu ferðamanna til Íslands og má ætla að sú þróun haldi áfram þegar ferðaþjónustan verður aftur komin í gang. Aukning var mikil í komu stærri skipa og svokallaðra leiðangursskipa sem leita í landtöku í ósnertri náttúru. Það sem kallar á sérstaka stefnu og betri lagaumgjörð um komu skemmtiferðaskipa umfram aðra ferðaþjónustu er stærð skipanna og fjöldi farþega sem

stoppar við á mjög stuttum tíma og veldur óvenju miklu álagi á áfangastöðum og möguleika á stórslysum. Einnig hafa skipin aðgang frá sjó inn á svæði nálægt landi og á landi, þar sem lífríkið og náttúran getur verið viðkvæm og tjón óbætanlegt út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Áhættuþættir eru einnig út frá mengunarsjónarmiðum, t.d. bráðamengunarhætta vegna olíuskaða.

Umhverfisstofnun ásamt Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands hefur bent á framangreint og óskað eftir að lagaumgjörð verði bætt, m.a. um landtöku utan hafna, tilkynningaskyldu um fyrirhugaðar siglingaleiðir við strönd landsins, takmarkanir á siglingum yfir eða inn á afmörkuð svæði, siglingar kaþbáta frá farþegaskipum neðansjávar til náttúruskoðunar o.fl.

Umhverfisstofnun styður því að gerð verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa en telur nauðsynlegt að sá hópur sem vinni að stefnumótun um komu skemmtiferðaskipa verði einnig falið að gera tillögur að löggjöf um framangreind efni. Við þá vinnu er mikilvægt að tryggja aðkomu þeirra ráðuneyta og stofnana sem koma að málaflokknum.

Virðingarfyllt,

Sigurrós Friðriksdóttir  
teymisstjóri

Lilja Ólafsdóttir  
lögfræðingur